

Reglur
um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnáms og
jöfnunar á aðstöðumun nemenda
(Drög 15. júlí 2011)

1. gr.

Gildissvið og markmið

Reglur þessar gilda um ráðstöfun á árlegu framlagi úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og úthlutanir framlaga sjóðsins til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda.

Framlagi ríkisins er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag með því að standa straum af kennslukostnaði í tónlistarskólum vegna hljóðfæranáms á framhaldsstigi og söngnáms á mið- og framhaldsstigi ásamt tengdum kostnaði, þ.e. hlutdeild í stjórnunarkostnaði og hljóðfæragjaldi. Skilyrði er að um sé að ræða tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla, þ.e. skóla sem kennir samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Eftir því sem fjárveitingar leyfa er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna kennslukostnaðar nemenda á grunnstigi í söng og grunn- eða miðstigi í hljóðfæragreinum, sem þurfa að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum, sbr. 7. gr.

Tónlistarskólum er óheimilt að krefja nemendur sem reglur þessar ná til um hlutdeild í kennslukostnaði.

2. gr.

Framlag úr ríkissjóði

Á grundvelli samkomulagsins frá 13. maí 2011 eru til ráðstöfunar á ársgrundvelli 480 m.kr. Framlagið greiðist til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, 40 m.kr. í hvert sinn.

3. gr.

Umsóknir sveitarfélaga

Að loknu innritunartímabili skulu tónlistarskólar senda viðkomandi sveitarfélagi upplýsingar um nemendur sem innritaðir eru í tónlistarnám sem fellur undir reglur þessar, til að sveitarfélagið geti sótt um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þeirra nemenda sem þar munu stunda tónlistarnám.

Sveitarfélögum ber að skila umsóknum vegna næsta skólaárs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 31. maí ár hvert á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu sjóðsins, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða

4. gr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Pegar upplýsingar liggja fyrir um fjölda tónlistarnemenda á næsta skólaári sem falla undir reglur þessar birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga viðmiðunarfjárhæðir eftir tegund tónlistarnáms og námsstigi. Þessar viðmiðunarfjárhæðir skulu að hámarki samsvara áætluðum meðalkostnaði vegna nemenda á hverju námsstigi eftir tegund náms, sbr. þó 7. gr.

Úthlutanir framlaga til sveitarfélaga taka mið af fjölda nemenda og því námi sem stundað er, samkvæmt því sem fram kemur í umsókn sveitarfélagsins, að teknu tilliti til

viðmiðunarfjárhæða, sbr. 1. mgr. Um jafnar mánaðarlegar greiðslur verður að ræða á skólaársgrunni, þ.e. á tímabilinu september til ágúst.

Upplýsingar um úthlutanir framlaga fyrir næsta skólaár skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. ágúst, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

5. gr.

Skilyrði fyrir úthlutun framlaga og greiðslu

Tónlistarskólar skulu senda skilagrein til viðkomandi sveitarfélags um liðið skólaár fyrir 1. júlí ár hvert á formi sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga útbýr. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um fjölda nemenda á hverju námsstigi eftir tegund náms og upplýsingar um nemendur sem þreyttu áfangapróf. Sveitarfélag ber ábyrgð á að skilagreinar frá tónlistarskólum sem þar starfa berist til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eigi síðar en 15. júlí ár hvert.

Skilyrði þess að framlag verði greitt á grundvelli þessara reglna er að skilagrein um ráðstöfun framlags síðasta skólaárs og upplýsingar um innritun nemenda hafi borist Jöfnunarsjóði innan þess frests sem fram kemur í þessum reglum. Ef upplýsingar skortir frá einstökum sveitarfélögum eða tónlistarskólum um fjölda innritaðra nemenda verður ekki úthlutað framlagi vegna þeirra nemenda sem þar stunda nám á næsta skólaári.

6. gr.

Langtímaforfall

Sveitarfélagi er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna langtímaforfalla kennara á miðstigi í söng og framhaldsstigi í söng og hljóðfæragreinum, sem standa lengur en einn mánuð enda liggja fyrir læknisvottorð. Heildarframlag verður þó aldrei hærra en sem nemur raunverulegum launakostnaði skólans vegna forfalla á því tímabili sem um ræðir.

7. gr.

Framlög vegna nemenda á grunnstigi og nemenda á miðstigi í hljóðfæragreinum

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags, vegna framhaldsskólanáms. Skilyrði er að nemendur hafi stundað tónlistarnám á næstliðnu skólaári og fái námið metið til eininga í framhaldsskóla. Um er að ræða framlög vegna:

1. Nemenda sem hafa lokið hluta af grunnnámi í söng eða hljóðfæragreinum
2. Nemenda á miðstigi í hljóðfæragreinum

Framlög samkvæmt þessari grein nema að hámarki helmingi af viðmiðunarfjárhæð sem Jöfnunarsjóður birtir skv. 4. gr., enda samþykki það sveitarfélag sem sækir um framlag að greiða þann hluta kennslukostnaðar sem út af stendur. Tónlistarskólar skulu óska eftir samþykki lögheimilissveitarfélags vegna nemenda sem uppfylla skilyrði skv. 1. mgr., áður en þeir eru innritaðir í tónlistarnám.

Umsókn um framlag samkvæmt þessari grein skal berast Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá lögheimilissveitarfélagi nemanda eigi síðar en 31. maí ár hvert vegna næsta skólaárs. Jöfnunarsjóður skal senda sveitarfélögum tilkynningu um áætluð framlög fyrir 1. ágúst ár hvert, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

8. gr.
Gildistími

Reglur þessar eru settar á grundvelli samkomulags ríkisins og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Gildistími reglnanna er frá 1. júlí 2011 til 31. ágúst 2013.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Prátt fyrir ákvæði í 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 7. gr. ber sveitarfélögum að skila umsóknum vegna skólaársins 2011 – 2012 til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eigi síðar en 31. ágúst 2011.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Prátt fyrir ákvæði í 3. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 7. gr. munu upplýsingar um úthlutanir framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir skólaárið 2011 – 2012 liggja fyrir eigi síðar en 30. september 2011.

Ákvæði til bráðabirgða III.

Prátt fyrir ákvæði í 2. mgr. 4. gr. munu framlög úr Jöfnunarsjóði vegna mánaðanna júlí og ágúst koma til greiðslu 30. september 2011 ásamt greiðslu vegna septembermánaðar.